



UPPLÝSINGAR

Fæðingarstaður og ár:

Akureyri 20. júlí 1960.

Netfang:

valdimarleofridriksson@gmail.com

Heimilisfang:

Vefarastræti 15
270 Mosfellsbæ

Símanúmer:

+ 354 837 5818

STJÓRNARSETA

Sit í stjórn **ÍSÍ** - er í forsvari fyrir ferðasjóð
íþróttahreyfingarinnar.

Formaður

Handknattleiksfélags

Akraness 1982–1983;

Formaður **Landssambands**

fiskeldisfræðinga 1988–1991; í stjórn

Ungmennasambands

Kjalarnespings (UMSK) frá 1997 og
formaður árin 2000- 2021.

VALDIMAR LEÓ FRÍÐRIKSSON

FERILSKRÁ

STARFS- OG STJÓRNUNARREYNSLA

Framkvæmdastjóri **Taekwondosambands Íslands**.

Framkvæmdastjóri **Borðtennissambands Íslands**.

Framkvæmdastjóri **Skautasambands Íslands**.

Framkvæmdastjóri **Landssambands Slökkviliðs- og
sjúkraflutningamanna** í 12 ár.

2005-2007: **Alþingismaður** Suðvesturkjördæmis

1994-2005: Framkvæmdastjóri **Ungmennafélagsins
Aftureldingar**.

1994-1997: Framkvæmdastjóri **Knattspyrnudeildar
Aftureldingar**.

1993-1994: Framkvæmdastjóri **Ungmennasambands
Eyfirðinga** (UMSE).

MENNTUN

2018: **Bókaranám** - framhald við Nýja tölvu- og
viðskiptaskólann (NTV).

2008: **Rekstrar- og viðskiptafræði** við Háskóla
Íslands: Námið í HÍ var þrjú misseri og diplóma með 54
ein. Upplýsingatækni í rekstri og stjórnun, hagfræði,
reikningshald og skattaskil, forysta og stjórnun, lögfræði,
fjármálastjórn, rekstrarstjórnun, sölumarkaðsmál.

1993: **Fiskeldisfræði, BSc**, við Barony í Skotlandi.

1986: **Stúdentspróf** af heilsugæslubraut
Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

Ýmis námskeið: Verkefnastjórnun, samningatækni (5
námskeið við Háskólann í Reykjavík, Endurmenntun
Háskóla Íslands og Ríkissáttasemjara), skrifstofutækni,
Facebook sem markaðstæki og notkun samfélagsmiðla.

VALDIMAR LEÓ FRÍÐRIKSSON

KYNNINGARBRÉF

ÉG GEF KOST Á MÉR SEM FORSETI ÍSÍ AF ÞVÍ AÐ...

Íþróttir eru einn öflugasti drifkraftur samfélagsins. Íþróttir sameina okkur, þær kenna okkur samvinnu og gleði. Í íþróttum er enginn einn, þar erum við öll hluti af hópi.

En það eru áskoranir í íþróttum sem við þurfum að vinna með.

Ég legg áherslu á aukna samvinnu innan íþróttahreyfingarinnar, aukið upplýsingastreymi þvert á félög og landsvæði og meira samtal og betri stuðning frá ríki og sveitarfélögum við íþróttafélög um allt land.

Þetta er nauðsynlegur áfangi, af því að íþróttir eru lykilinn að mörgu, bættri lýðheilsu og betra samfélagi. Við stöndum frammi fyrir raunverulegum áskorunum í umhverfi íþróttar, sjálfbærliðum hefur fækkað, aðstaða til íþróttaiðkunar er víða ófullnægjandi, ferðakostnaður hamlar þátttöku barna og ungmenna í íþróttum og sligar margar fjölskyldur.

Ég trúi því að með því að mæta þessum áskorunum með samstarfi þá munum við efla íþróttir og auka jafnræði um allt land.

Íþróttahreyfingin á að vera leiðarljósið, hreyfiaflið í samfélaginu.

NÁNAR UM MIG

Ég hef starfað innan íþróttar- og ungmennafélagshreyfingarinnar í nær 40 ár. Hef setið í mörgum nefndum fyrir ÍSÍ og UMFÍ. Í dag er ég í stjórn ÍSÍ og stýri Ferðasjóði íþróttahreyfingarinnar, sem ég átti stóran þátt í að koma á laggirnar ásamt Jóhanni Torfasyni. Ég var formaður UMSK um árabíl og stofnaði Skólahreysti fyrir 20 árum ásamt Andrési Guðmundssyni.

Ég vil sem forseti ÍSÍ leggja áherslu á samvinnu og fjárstuðning frá ríki og sveitarfélögum; frá ríki til sérsambanda og ÍSÍ og frá sveitarfélögum til reksturs íþróttafélaga.

Árið 1998 komum við Bjarni Jóhannsson (knattspyrnubjálfi), þáverandi Íþróttafulltrúi Mosfellsbæjar, á þjónustusamningi milli Aftureldingar og Mosfellsbæjar. Í upphafi hljóðaði hann upp á 2,5 milljónir. Í dag fær félagið 150 milljónir króna á hverju ári. Mörg félög hafa tekið þennan samning upp og ég vil koma honum á fyrir öll íþróttar- og ungmennafélög í landinu. Á sínum tíma lagði ég líka fram tillögu hjá ÍSÍ um rekstrarstyrk frá ríki til sérsambanda. Hugmyndin var að gera minni sérsamböndum auðveldara að ráða starfskraft í hlutastarf. Miðað við launavísitölu þá ætti að vera búið að tvöfalda styrkupphæðina. Það verður mitt fyrsta verkefni sem forseti ÍSÍ.

Ég leita eftir stuðningi þínum til að gera þetta að veruleika.